Góðan dag,
Í innsendri tillögu til þingsályktunar er mikið um rangfærslur og tilgangurinn ekki til bóta
.
Til að mynda að þjónusta við hælisleitendur er á vegum vinnumálastofnunar, ætlið þið að færa vinnumálastofnun á Reykjanesið líka? Eða bara senda fólk á milli Reykjaness og Reykjavíkur til að einfalda þjónustu við hælisleitendur?

Eins með að færa 86 starfsmanna vinnustað á Reykjanes með tilheyrandi kostnaði bæði fyrir ríkið og starfsmenn sem þurfa að fara auka 30+ km tvisvar á dag með tilheyrandi mengun í boði ykkar er það stefna ríkisstjórnar í loftslagsmálum?

Eins vill ég benda á að nota tölur frá 2021 varðandi atvinnuleysi er með öllu ómarktækt þar sem covid var í fullum gangi og eins og segir í greininni að lítið sé um háskólamenntun á Reykjanesi sem myndi þýða að meirihlutinn sé ómenntaðir eða iðnmenntaðir sem voru fyrstu störfin sem voru lögð niður í covid.

Eins vill ég minnast á erlenda starfs og námsmenn sem eru flestir á höfuðborgarsvæðinu, yrði það sanngjarnt að senda þá á Reykjanes í hvert skipti sem þeir þurfa að sinna sínum erindum?.

Í mínum augum skilar þessi tillaga engu nema tilgangslausum kostnaði og flækjustigi fyrir engan hagnað.

Mbk
Benedikt Jónsson